

Þetta er einnig gott fóður til eldis á smágrísunum, að 8 vikna aldri).

Stöðlun F.R.: 0.95 kg í F.fe. (Mörk: 0.85—1.03 kg).

175 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 165—185 g).

12 g Ca í kg (Mörk: 11—14 g).

10 g P í kg (Mörk: 9—12 g).

1.5 g Na í kg (Mörk: 1.0—2.5 g).

Vítamín og snefilefni skulu sett í blönduna.

#### 7. Vöruheiti: Kalkúna-eldisfóður I.

(Heilfóður til uppeldis kalkúna fyrstu 8 vikurnar).

Stöðlun F.R.: 0.95 kg í F.fe. (Mörk: 0.85—1.03 kg).

230 g meltanlegt protein í F.fe. (Mörk: 220—240 g).

14 g Ca í kg (Mörk: 12—16 g).

12 g P í kg (Mörk: 10—14 g).

1.5 g Na í kg (Mörk: 1.0—2.5 g).

13. júní 1974.

Nr. 188.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

### I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 19.40 á hverja kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 8.20 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.  
Fastagjald reiknast þannig:
  - a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 6.50 á ferm. á mánuði.
  - b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 3.30 á ferm. á mánuði.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 4.80 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 36.00 á mánuði af hverju herbergi.  
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

#### C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 13.40 hverja kWst. ársnotkun.
32. Til matvælaíðnaðar, ef uppselt vélaafl fastengdra véla er yfir 10 kW:
  - a) Kr. 3.90 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveittunnar.
  - b) Kr. 5.30 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.

- c) Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:  
Aflgjald af notuðu afli kr. 5 345.00 á kW á ári.  
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1.85 á kWst.
- d) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:  
Um kWst.-mæli á kr. 1.85 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 4 222.00 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.

#### D. Hitun.

41. Til húshitunar um kWst.-mæli kr 2.58 hver kWst.
32. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.35 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn síðdegis.
43. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.23 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis.
44. Til fasttengdra bókunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli kr. 1.56 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 08, og kr. 4.40 kWst. á tímanum frá kl. 08 til kl. 22.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- A. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- B. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- C. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastíllar notaðir.

#### E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 8.20 hver kWst.
2. Til götu- og hafnalýsinga kr. 2 205.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.  
Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A-1.  
Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- |                                              |                  |
|----------------------------------------------|------------------|
| 1. Af einfasamælum 50 amp. og minni .....    | kr. 35.00 á mán. |
| 2. Af þrífasamælum 50 amp. og minni .....    | — 47.00 — —      |
| 3. Af þrífasamælum 50—100 amp. ....          | — 66.00 — —      |
| 4. Af mestaafismælum 100 amp. og minni ..... | — 135.00 — —     |
| 5. Af mestaafismælum stærri en 100 amp. .... | — 266.00 — —     |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verðmæti mælitækja.

Leigan greiðist um leið og gjald fyrir raforku.

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Stofngjald kr.	Lengdargjald kr./m
1. 60 A 1-fasa .....	2 050.00	875.00
2. 60 A 3-fasa .....	2 050.00	1 060.00
3. 100 A 3-fasa .....	6 100.00	1 200.00
4. 200 A 3-fasa .....	20 900.00	1 825.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta úti-tengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi. Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

**IV. OPNUNARGJALD**

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í gjaldskránni. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 391 31. desember 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**GJALDSKRÁ**

**Rafmagnsveitna ríkisins.  
Smásöluverð.**

**I. GJALDSKRÁRLIÐIR**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**1. Lýsing.**

11. Fast gjald .....	kr. F 1
Orkugjald .....	— 24.00 á kWst.